



**Veðurstofa Íslands  
Greinargerð**

**Harpa Grímsdóttir**

**Byggingarár húsa í Neskaupstað**

VÍ-G98011-ÚR09  
Reykjavík  
Febrúar 1998

## **Efnisyfirlit**

TILGANGUR VERKEFNIS .....	2
ÁGRIP AF BYGGÐASÖGU NESKAUPSTAÐAR.....	2
FRAMKVÆMD VERKEFNIS.....	5
SKÝRINGAR VIÐ KORT OG HÚSALISTA NESKAUPSTAÐAR .....	7
NES, NESKAUPSTAÐUR – HÚSALISTI.....	8
SKÝRINGAR VIÐ HÚSALISTA OG KORT Í NORÐFJARDARSVEIT.....	24
NORÐFJARDARSVEIT – HÚSALISTI .....	25
HEIMILDASKRÁ .....	29
HEIMILDARMENN .....	31
HÚSANAFNA– OG HEIMILISFANGASKRÁ .....	32
KORT.....	36

## Tilgangur verkefnis

Þessi greinargerð er sambærileg greinargerðinni *Byggingarár húsa á Seyðisfirði* sem gefin var út á Veðurstofu Íslands í ágúst 1997. Tilgangurinn er að komast að því hvenær einstök hús voru byggð í Neskaupstað, hvar þau voru og hvenær þau hurfu af sjónarsviðinu. Upplýsingarnar eru settar fram á kortum, sex kortblöðum í mælikvarðanum 1:2000 og einu í mælikvarðanum 1:5000. Ekki eru til nein nothæf kort af sveitinni innan við Neskaupstað og er því notast við ljósrit af loftmynd á því svæði. Einnig eru nöfn þeirra húsa sem þau bera merkt á kortið ásamt helstu stofnunum og fyrirtækjum bæjarins. Önnur örnefni svo sem nöfn helstu lækja og gilja eru líka á kortinu.

## Ágrip af byggðasögu Neskaupstaðar


Í Norðfirði stóðu 12 lögbýli framan af öldum: Nes, Ormsstaðir, Hof, Miðbær, Skorrastaður, Skálateigur, Kirkjuból, Hólar, Fannardalur, Skuggahlíð, Grænanes og Búland. Bærnir Hólar og Fannardalur voru í Fannardal sem er inn af Norðfirði og utan svæðis þessa verkefnis. Búland og Skuggahlíð ná heldur ekki inná loftmyndina. Fyrir 1870 var landbúnaður aðalatvinnuvegur Norðfirðinga. Frá Nesi voru tvö afbýli sem voru í byggð að staðaldri, Naustahvammur og Bakki og stendur Neskaupstaður í dag á þessum fornu jörðum en Naustahvammur er í útjaðri núverandi þéttbýlis (Ö.H., '83a)

Um 1870 hófst saltfiskverkun í Norðfirði (S.G., '93), og tiltölulega skömmu síðar fór það að þekkjast að menn lifðu einungis eða nær einungis á sjósókn og fiskverkun (S.G., '83). Fyrsta þurrabúðin reis á Norðfirði fyrir árið 1880 og var hún táknað nýrra tíma (S.G., '93), en á þeim tíma vék landbúnaður fyrir sjávarútvegi og fiskvinnslu sem helsti bjargræðisvegurinn á Nesi, og það var þessi nýja atvinnugrein sem skapaði forsendur fyrir myndun þéttbýlis (S.G., '83).

Færeyingar hófu fiskveiðar árið 1871 á Seyðisfirði og jukust veiðar þeirra mikið næstu árin en þær voru stundaðar í flestum fjörðum austanlands. Norðfjörður var vinsæl verstöð hjá færeyskum landróðramönnum og leigðu þeir þar bæði uppsátur fyrir bátana og húsnæði fyrir fólk og til að stunda fiskverkun í. Þegar Færeyingar voru hvað flestir á Norðfirði á síðasta áratug 19. aldar voru þeir talsvert á annað hundrað (S.G., '83). Norðfjörður reyndist aftur á móti eins heppilegur og firðirnir í kring fyrir síldveiðar Norðmanna. Útfiri þar var of mikið og fjörðurinn fremur líttill og opin, en einhverjir Norðmenn gerðu þó út frá Norðfirði á 9. áratug síðustu aldar (S.G., '83). Norska félagið Islandskompaniet tók á leigu landsspildu á Nesi og reistu þar hús sem þeir höfðu flutt með sér viðinn í. Íbúðar- og söltunarhús sem félagið reisti stendur enn og er nú elsta húsið í bænum. Húsið var áður nefnt Hansenshús, en hefur í margra áratugi verið kallað Gamla-Lúðvíkshús (S.G., '83).

Fyrstu kaupmennirnir sem hófu að versla á Norðfirði voru eskfískir en árið 1884 setti Sveinn Sigfússon verslunarfyrtæki á laggirnar sem varð fljótlega öflugt, en sonur hans, Sigfús Sveinsson tók síðar við fyrirtækinu. Næstur á eftir Sveini Sigfússyni hóf Konráð Hjálmarsson verslunarrekstur í samvinnu við Gísla bróður sinn árið 1905 (S.G., '93). Gróska í fiskveiðum leiddi til mannfjölgunar á Nesi í Norðfirði og voru um 180 manns búsettir í Neslandi árið 1895, en þá var löggiltur verslunarstaður á spildu ofan við skipaleguna innan við Neseyri, á þeim forsendum að ferðir til aðdráttu bæði á sjó og landi væru erfiðar, en höfn væri góð og fjörðurinn

Mannfjöldaþróun í Neskaupstað  
1895-1990



Heimild: Hagskinna. Hagstofa Íslands 1997

fullur af fiski (S.G., '93 og P.L., '82). Árið 1905 eignuðust Norðfirðingar sína fyrstu vélbáta og þá voru íbúar Nesþorps orðinir 355 talsins. Síðan komu stærri og betur útbúnir bátar og fólkini hélt áfram að fjölgja. Sífellt meiri fiskaflí kom til vinnslu og mannafla þurfti til húsbygginga og annarrar mannvirkjagerðar. Árið 1913 bjuggu 636 manns í þorpinu en þá var það aðskilið frá sveitinni og nefnt Neshreppur. Fólksfjölgun var mikil á öðrum og þriðja áratug aldarinnar og þann 1. janúar 1929 fékk þorpið kaupstaðarréttindi og nefndist Neskaupstaður. Þá voru íbúarnir 1103 talsins (S.G., '93).

Kreppan á fjórða áratugnum lék Neskaupstað hart. Íbúafjölgunin stöðvaðist og stærstu atvinnufyrirtækjunum, kaupmannaverslununum, hnignaði mjög. Á árum síðari heimsstyrjaldarinnar fór að rofa til á ný en þá aflaðist vel og var fiskurinn fluttur ísvarinn til Bretlands. Eftir síðari heimsstyrjöld, þegar nýsköpunarstjórnin var við stjórnvöllinn, var ákveðið að verja u.þ.b. helmingi gjaldeyriseignar þjóðarinnar til umbóta í atvinnulífi landsmanna og mikið framkvæmdatímabil hófst í landinu. Neskaupstaður naut góðs af þessari stjórnarstefnu. Árið 1932 var samvinnufélag útgerðarmanna, S.Ú.N. stofnað, en það annaðist sölu og útflutning á ísfiski. Á árunum eftir síðari heimsstyrjöld byggði S.Ú.N. fiskvinnslustöð, sem enn þann dag í dag stendur sem frystihús S.V.N. og einnig var komið upp beinamjölsverksmiðju. Á 6. áratugnum var söltuð síld yfir sumartímann en blómaskeið síldarsöltunar var á tímanum 1961-1967. Voru þá margar söltunarstöðvar starfandi og þegar haust- og vetrarsíldveiðin hófst úti fyrir Austfjörðum árið 1964 þurftu allar þessar stöðvar að koma sér upp húsnæði. Árið 1968 varð hrún á síldveiðum og aðrar tegundir tóku við.

Árið 1994 var sveitin inn af Neskaupstað, Norðfjarðarhreppur, sameinuð kaupstaðnum.

## Skipulagsmál

Þegar fólksfjölgunin var sem mest á öðrum og þriðja áratug aldarinnar var ekkert byggingarskipulag til. Landið sem bærinn stóð á var eign einstakra manna og því hafði hreppsnefnd ekkert að segja um byggingar (P.L., '82). Bærinn byggðist þannig upp á fyrrí hluta aldarinnar að íbúðarhúsin stóðu flest neðarlega í bænum, en þó nægilega langt frá sjó til að sleppa við mesta sjórokið. Hverju íbúðarhúsi fylgdi gjarnan talsvert af kofum. Upp við sjóinn voru sjóhúsin og bryggja við næstum því hvert og eitt þeirra. Þetta voru trúbryggjur í einkaeigu og var það nærrí lagi að ein bryggja væri fyrir hvern bát. Fjósin stóðu nálægt íbúðarhúsunum vegna þess að þangað þurftu menn oft að fara til að mjólna o.þ.h. Ofan við íbúðarhúsin voru í flestum tilfellum tún sem náðu upp í fjall, og ofarlega í þeim voru hlöður og fjárhús (M.G., '97, munnlegar upplýsingar). Það var því mikið af kofum við fjallsrætur, en erfitt er að henda reiður á það hvenær hver og einn þeirra stóð.

Sumarið 1926 lét skipulagsnefnd mæla bæinn, og var Jón Víðis fenginn til þess. Guðmundur Hannesson, prófessor, vegamálastjóri og húsameistari ríkisins vann að skipulagi bæjarins og eru athugasemdir hans um bæjarstæðið nokkuð forvitnilegar.

„Norðfjarðarkauptún hefir myndazt á óvenjulega erfiðu og óhentugu bæjarstæði: brattri, nálega undirlendislausri hlíð, sem grafin er sundur af mörgum lækjum og vatnsfarvegum svo víðast skiftast á melhryggir og djúpar lautir eða gil. Er jarðvegurinn hvarvetna svo laus, að hver vatnsspræna getur grafið stórt gil, ef ekki er að gert. Gerir þetta alla götugerð eftir endilöngum bæ afar erfiða og viða ómögulega, auk þess sem fiskflutningur er ærið dýr og torveldur upp háar brekkur. Við þetta bætist, að allur vesturhluti bæjarins, frá læknum við fiskihús Konráðs

*Hjálmarssonar og inn úr, er að sögn kunnugra manna í yfirvofandi hættu af snjóflóðum. Hinsvegar er ærið bæjarstæði og gott í austurhluta bæjarins og austan hans, sérstaklega þegar kemur upp á flatlendið ofan brekku.*

Nú er öll aðstaða og afstaða Norðfjarðar þannig, að telja má víst, að þar vaxi upp allmikill bær og útgerð, líklega stærsti bærinn á Austurlandi. Fyrir slíkan bæ er alls ekki pláss á gamla svæðinu, og auk þess óhæfa að byggja bæ, að minsta kosti íbúðarhús, þar sem hætta er mikil af snjóflóðum. Vjerr teljum því sjálf sagt og óumflýjanlegt, að flytja bænn smám saman austur á við og upp fyrir brekkur, en leyfa engar nýbyggingar á hættusvæðinu, svo sem markað er fyrir á skipulagsuppdrætti. Mönnum, sem þar eiga hús og lóðir, verður bærinn á sínum tíma, að sjá fyrir jafngóðum hússtæðum á hentugri stað. Þó teljum vjer sjálf sagt, að útvegs-hús megi byggja við Strandgötuna alla inn með firði, þar sem nauðsyn krefur vegna hafnarpláss og fært þykir vegna snjóflóðahættu” (G.G.Z. o.fl., '28).

Á næstu áratugum var smám saman aukið við skipulagið til vesturs. Árið 1942 skrifaði bæjarstjóri skipulagsnefnd og óskaði eindregið eftir að svæðið vestan við Konráðslæk væri tekið til skipulagningar. Árið 1947 var aukið við hið staðfesta skipulag til vesturs og 1957 kom endurskoðaður skipulagsuppdráttur ásamt greinar-gerð þar sem m.a. er tekið fram að eftir fremsta megni ætti að standa á móti bygg-ingum á þeim svæðum þar sem skriðuhætta er. Bæjarráð taldi hins vegar að allt of mikið væri gert úr hlaupahættu. Smám saman færðist skipulagið alveg inn að fjarðar-botni, en þó með varnaðarorðum um skriðuhættu. Þau reyndust ekki ástæðulaus, en í desember 1974 fóllu snjóflóð á byggð í innanverðum kaupstaðnum þar sem 12 menn fórust og gífurlegt eignartjón varð (Z.P., '90). Þá höfðu snjóflóð ekki gert usla á mannvirkjum, nema þá girðingum og einum fjárhúskofa (1936?) í fjallshlíðinni, síðan á þorra 1894 að snjóflóð fell niður yfir bæinn á Piljuvöllum og gróf two menn í fönn, en mannbjörg varð (H.G., '75a).

## FRAMKVÆMD VERKEFNIS

Þetta verkefni þróaðist á margan hátt á annan veg en sambærilegt verkefni fyrir Seyðisfjörð. Kom þar meðal annars til að Neskaupstaður er heimabær undirritaðrar og ekki hefur verið gefin út bók um Neskaupstað í líkingu við „Húisasögu Seyðis-fjarðar”. Einnig lærðist að sjálfögðu ýmislegt af fyrra verkefninu.

Byrjað var á því að skoða fasteignamatið frá árinu 1996 og færa upplýsingar um byggingarár inn á kort. Því næst var fasteignamatið frá árinu 1970 skoðað á Fasteignamati ríkisins og boríð saman við hið nýja. Staðreyndin er sú að byggingarár húsa í fasteignamati eru ekki mjög áreiðanlegar heimildir, en reynt var að hafa upplýsingarnar eins nákvæmar og mögulegt er með því að skoða fasteignamat frá ýmsum árum. Fasteignamatið frá 1930 og frá 1916 var skoðað á Þjóðskjalasafni Íslands, og öll byggingarár og húsanöfn sem þar komu fram voru skráð. Fasteignamatið frá 1916 er hið elsta sem til er og þar koma einungis fram nöfn húsa, en engin götuheiti eða númer. Árið 1930 voru komin götunöfn og húsnúmer, en göturnar hétu ekki það sama og þær heita í dag. Einnig var leitað upplýsinga úr gömlum manntölum um sveitabæi sem hafa verið til í lengri tíma, jafnvel margar aldir. Venjulega var miðað við það að elstu upplýsingarnar sem til eru um hvert hús væru réttastar. Næsta skref var að skoða gömul kort. Þau fengust hjá Skipulagi ríkisins, sem og ljósrit af gömlum loftmyndum sem notaðar voru til stuðnings. Eitt kortið var frá árinu 1970, annað frá árinu 1956 og svo elsta kortið sem til er af þéttbýlinu á Nesi sem byggt er á mælingum Jóns Víðis frá 1926. Þau hús, sem nú eru horfin voru dregin upp á grunnkortið. Einnig voru ártölin borin saman við kortin og athugað hvort allt stemmdi. Þegar þessu var

lokið var annars vegar kominn listi yfir húsanöfn frá 1916 og gömul, úreld heimilisföng frá árinu 1930 ásamt byggingarárum en hinsvegar var komið kort með flestum ef ekki öllum byggingum í bænum sem staðið hafa frá árinu 1926. Þetta þurfti að tengja saman og til þess voru fengnir staðkunnugir menn sem muna tímana tvenna. Einnig var leitað í ýmsar skriflegar heimildir. Undirrituð eyddi fimm dögum í Neskaupstað í að spjalla við fólk sem man eftir fyrri hluta aldarinnar. Þá reyndist Magnús Guðmundsson (afi undirritaðrar) mjög vel, en hann tók verkefnið upp á sína arma og spurði sér eldri menn um þau atriði sem hann sjálfur var í vafa um. Samtals hafa ansi margir af eldri mönnum og konum bæjarins lagt hönd á plóginn og rifjað upp gömul húsanöfn og ártöl. Reynir Zoëga og Stefán Þorleifsson lögðu t.d. mjög mikið af mörkum.

Eftir þessa daga í Neskaupstað var útbúinn listi með nöfnum húsa, heimilisföngum, byggingarártölum og eigendum á hinum ýmsu tímum. Þessi listi var sendur Magnúsi Guðmundssyni, Reyni Zoëga, Stefáni Þorleifssyni, Hálfdáni Haraldssyni og Guðmundi Sveinssyni og gerðu þeir og fleiri fjölmargar athugasemdir. Magnús safnaði saman athugasemdunum og kom til Reykjavíkur og útskýrði þær fyrir undirritaðri. (Þegar komið var á þetta stig málsins var höfundur hætt í fullri vinnu en vann við verkefnið í hjáverkum með skóla.) Næsta skref var að hreinteikna kortin og einnig var gerður listi yfir öll hús sem upplýsingar fengust um að staðið hafa á Norðfirði frá því fyrir miðja öldina. Sífellt komu upp fleiri atriði sem spryrja þurfti um og var það þá gert í gegnum síma. Ákveðið var að reyna að grafa upp byggingarár útihúsa sem stóðu ofan við bæinn, og það tók mörg símtöl við fjölmarga aðila.

## Skýringar við kort og húsalista Neskaupstaðar

Kortið sýnir á hvaða árabili hús hafa staðið og hvar þau standa eða stóðu.

Ártölin segja til um hvaða ár fyrst var byggt á viðkomandi stað, og hvenær húsin hurfu af sjónarsviðinu ef þau eru farin. Einnig sést á kortinu hvort húsin hafa fyrst og fremst verið notuð til íbúðar, til atvinnustarfsemi eða sem geymsla eða úтиhús. Nöfn þeirra húsa sem þau bera eru merkt á kortið ásamt nöfnum ýmissa fyrirtækja og stofnanna sem og nokkur örnefni.

Inná kortið eru teiknaðar allar þær byggingar sem komu fyrir í þeim uppráttum sem byggt er á. Ekki eru ártöl eða nöfn við þær allar, en þá er í flestum tilfellum um að ræða skúra eða úтиhús. Þau hús sem eru teiknuð með bláum túspenna standa ekki í dag nema nokkrar nýjar byggingar og kemur byggingarár þeirra skýrt fram.



Snjóflóð eða aurskriða hefur fallið á húsið. Nánar útskýrt í húsalista.



Staðsetning hússins er ekki mæld eftir korti heldur áætluð á grundvelli heimilda eða heimildarmanna.

**1898 – 1964**

Byggingarár      Árið sem húsið fór

Aðalnotkun húsa:



Íbúðarhús. Á við öll hús þar sem búið er í hluta af eða öllu húsinu



Atvinnuhúsnæði



Geymsla eða úтиhús

Í húsalistanum er að finna eldri hús bæjarins. Miðað er við þau hús sem bera eða báru nöfn en flest þeirra eru byggð fyrir miðja öldina. Einnig eru á listanum öll þau hús sem vitað er til að hafi orðið fyrir snjóflóði eða aurskriðu og eru þau stjörnumerkt.

Í listanum kemur fram nafn viðkomandi húss, götunafn og númer bæði gömul og ný, byggingarár hússins og hvenær það fór. Einnig sést á hvaða korti húsið er að finna. Eigendur hússins í fasteignamati frá 1916, 1930 og 1996 eru skráðir og líka eru skráðar sérstakar athugasemdir um húsið ef einhverjar eru.

## Nes, Neskaupstaður – Húsalisti

Húsin eru skráð í röð frá innsta hluta bæjarins og úteftir.

### **Naustahvammur\***

kort 6

**Byggingarár:** Afbýli frá Nesi. Innri bær Naustahvamms sem stendur núna var byggður 1916, en þá var gömul baðstofa fyrir. Ytri Naustahvammur var byggður árið 1930.

**Athugasemdir:** Mörg íbúðarhús hafa í gegnum tíðina staðið á þessum slóðum undir nafninu Naustahvammur. Árið 1885 féll snjóflóð á Naustahvamm. Snjóflóðið féll á tvo bæ, en líklega hafa verið einir fimm bær eða búendur á Naustahvammi á þessum tíma. Náðist allt fólkid lifandi á öðrum bænum, en á hinum bænum fórst gömul kona og tvö börn. A.m.k. annað íbúðarhúsið sem lenti í flóðinu stóð ofar en Naustahvammur stendur í dag og er það merkt inná kortið.

Eldri kona minnist þess að eftir þetta hafi annað snjóflóð fallið þar sem saltfiskverkun S.V.N er núna og ytri Naustahvammsbærinn skemmdist í því. Lítill stúlka lenti út á fjörð haldandi í rúmstokk.

Pann 12. Nóvember 1968 féll aurskriða á íbúðarhúsið í Naustahvammi, sem fyllti alveg jarðhæð hússins og rann vatnsflaumurinn í gegnum það.

### **Borg**

Naustahvammur 20, kort 5-6

**Byggingarár:** 1943

**Eigendur:** Helgi Hjörleifsson, 1996

Guðmundur Jónsson og Ester Kristjánsdóttir.

**Athugasemdir:** Húsið var flutt úr Ingunnarveitu.

### **Gamla-Bjarg**

kort 5

**Byggingarár:** 1927

**Rifið:**

**Eigendur:** 1930 Gísli Kristjánsson

**Athugasemdir:** Staðsetning er ekki nákvæmlega þekkt en það stóð á svipuðum slóðum og skreiðarskemman er núna, en ekki langt frá Bjargi.

### **Bjarg**

Naustahvammur 12, kort 5

**Byggingarár:** 1930 (M.G., '97)

**Athugasemdir:** Þegar grafið var fyrir grunni hússins komu menn niður á hart undirlag í austurenda, en í vesturenda grunnsins var ekki fast undirlag, bara leðja með stórum steinum niður í tvær húshæðir. Þetta gæti hugsanlega verið merki um aurskriðu? (M.G.,

'97). Árið 1974 féll annað stóru snjóflóðanna aðeins nokkra metra utan við húsið (H.G., '75a).

### **Mjölskemma SÚN\***

Naustahvammur, kort 5

**Byggingarár:** 1964

**Eyðilagðist:** Fór í snjóflóðunum 1974

**Eigendur:** SÚN

**Athugasemdir:** Samþyggt við verkstæði og bræðslu SÚN

### **Verkstæði SÚN\***

Naustahvammur, kort 5

**Byggingarár:** 1960

**Eyðilagðist:** Fór í snjóflóðunum 1974

**Eigendur:** SÚN

**Athugasemdir:** Samþyggt við mjölskemmu og bræðslu SÚN

### **Bræðsla SÚN\***

Naustahvammur, kort 5

**Byggingarár:** 1957

**Eyðilagðist:** Fór í snjóflóðunum 1974

**Eigendur:** SÚN

**Athugasemdir:** Samþyggt við verkstæði og mjölskemmu SÚN. Snjóflóðið umturnaði húsinu gersamlega og allir sem í því voru, alls fjórir menn, fórust (Ó.J. o.fl., '92a).

### **Hruni, Grund\***

Áður Strandgata 96, kort 5

**Byggingarár:** 1896

**Eyðilagðist:** Fór í snjóflóðinu 1974

**Eigendur:** 1916, 1930 Hjörleifur Marteinsson

### **Skálholt**

**Byggingarár:** Sennilega fyrri hluti 4. áratugar  
**Rifið:** fyrir 1970

### **Hrapandi, Gata, Naustahvammur**

Áður Strandgata 94, kort 5

**Byggingarár:** 1895

**Rifið:** 1958 þegar síldarverksmiðjan var byggð (R.Z., '97)

**Eigendur:** 1916 Jón Einarsson

**Athugasemdir:** Hrapandi stóð utan við Naustahvamm, nálægt Móakoti og Hruna. Líklega er það sama hús og Gata, en sumir halda að Hrapandi hafi verið ofan við núverandi götu. Reimt var í húsinu.

## **Geymsla, fjárhús Júlíusar**

### **Jóhannessonar\***

kort 5

Byggingarár: 1930

Eyðilagðist: Fór í snjóflóðunum 1974

## **Svartolíugeymir og lýsisgeymar\***

Strandgata, kort 5

Byggingarár: 1962

Eyðilagðist: Fóru í snjóflóðunum 1974

Eigendur: SÚN

Athugasemdir: Lýsisgymarnir voru tómir og flóðið hreif þá með sér, annan í sjó fram en hinn hafnaði á bræðsluhúsinu miðju.

Svartolíugeymirinn var með um 900 lestum af svartolíu og þeytti flóðið honum af grunni og dreifðist olía um stórt svæði.

## **Móakot\***

kort 5

Byggingarár: ca. 1940

Eyðilagðist: Fór í snjóflóðinu 1974

Eigendur: Þorsteinn Jónsson, sonur Jóns Einarssonar í Hrapanda

Athugasemdir: Þetta var sumarbústaður sem fluttur var frá Skálateigi og notaður til íbúðar.

## **Fóðurmjölsverksmiðjur**

Áður Strandgata 92, kort 5

Byggingarár: 1927

Rifið: 1948, þegar frystihús S.V.N var byggt.

Eigendur: Fóðurmjölsverksmiðja Norðfjarðar

Athugasemdir: Þetta voru tvær skemmur sem

voru þar sem frystihús S.V.N er núna.

## **Frystihús S.V.N. , SÚN\***

Strandgata 77, kort 5

Byggingarár: 1948

Eigendur: Áður S.Ú.N., nú S.V.N.

Athugasemdir: Annað hinna tveggja stóru snjóflóða árið 1974 lenti á frystihúsinu en þar fórst aðeins einn maður þar sem húsið stóð mun betur af sér flóðið en aðrar byggingar.

Miklar skemmdir urðu þó á húsinu og einkum varð vélasalur illa úti (Ó.J. o.fl., '92).

## **Gúanó**

Strandgata, kort 5

Byggingarár: 1927

Rifið: u.p.b. 1955 (M.G., '97)

## **Starfsmannahús SÚN\***

Strandgata 74 eða 76, kort 5

Byggingarár: Ófullgert árið 1974 og notað sem geymsla

Eyðilagðist: Fór í snjóflóðunum 1974

Eigendur: SÚN

## **heyhlaða**

kort 5

Byggingarár: 1926

Rifið: 1956 (R.Z., '97)

Eigendur: Jón Sigfússon og Tómas Zoega.

Athugasemdir: Hlaðan var á svipuðum slóðum og bílskúrin við Strandgötu 72 er núna.

## **Lifrarbræðsla**

### **Lifrarbræðslufélagsins, Nípa**

kort 4-5

Byggingarár: 1920, (1930 (R.Z., '97))

Eigendur: Lifrarbræðslufélagið, S.V.N.

## **Gráa bræðslan**

kort 4-5

Byggingarár: 1924

Rifið: Á 8. áratug aldarinnar

Eigendur: 1930: Sigfús Sveinsson.

## **Gula bræðslan**

Áður Strandgata 91, kort 4

Byggingarár: ?

Rifið: Á 6. áratug aldarinnar

Eigendur: 1930: Þórður Einarsson og CO

## **Steypusala\***

Strandgata , kort 4

Byggingarár: 1967

Athugasemdir: Snjóflóðin 1974 fóru yfir

steypusöluna og sópaði byggingum í burtu.

Einn maður fórst þar. Steypusalan stendur en á sama stað en þarna er nú ekkert hús en tæki og steypubíll eru yfirleitt á svæðinu. Um páskana 1996 féll snjóflóð að hluta til á stöðina án þess að valda verulegum skemmdum.

## **Skuld, bifreiðapjónusta\***

Áður Strandgata 90, kort 4

Byggingarár: 1913

Eyðilagðist: Fór í snjóflóðunum 1974

Eigendur: 1930: Ásmundur Guðmundsson

Athugasemdir: Upphaflega var þarna

íbúðarhús ásamt nokkrum útihúsum en þessu var síðar breytt í bifreiðapjónustu (H.G., '75a).

Snjóflóðið sópaði byggingunni í burtu. Tveir menn voru í húsinu og björguðust þeir báðir (Ó.J. o.fl., '92).

## **Mánahús, Mánabraggi\***

Urðarteigur 52, kort 4

**Byggingarár:** 1964

**Eyðilagðist:** Fór í snjóflóðunum 1974

**Athugasemdir:** Snjóflóðið klippti húsið í sundur. Rishæðin sat ofan á flóðinu en neðri hæðin hvarf með öllu í það. Í húsinu voru sjö manns, fernt á neðri hæðinni og fórust allir en þrennt á efri hæðini sem öll björguðust (Ó.J. o.fl., '92).

## **Strandarhús, Strönd,**

Strandgata 40, kort 4

**Byggingarár:** 1905 elsti hlutinn.

**Eigendur:** 1916: Þorsteinn Sigurðsson og Eiríkur Filippusson, 1930: Sigurbergur Bergvinsson, 1996: Guðmundur Sigurjónsson

## **Grænahlíð**

Strandgata 38, kort 4

**Byggingarár:** 1938

**Eigendur:** Þór Jakobsson, 1996: Helgi Óskarsson

## **Bergþórshvoll**

Urðarteigur 27, kort 4

**Byggingarár:** Flutt inn gamlársdag 1943

**Eigendur:** 1943: Óskar Sigfinsson, 1996: Þórunn Björnsdóttir

## **Strönd, Miðströnd, Skriða**

Strandgata 36, áður Strandgata 84, kort 4

**Byggingarár:** Upphaflega um 1886

**Eigendur:** 1916: Jakob Jakobsson og Friðrik Jóhannsson, 1930 Jakob Jakobsson og Margrét Jóhannsdóttir, 1996: Rósa G Benediktsdóttir og S.V.N.

## **Hvassafell**

Strandgata 32, kort 4

**Byggingarár:** 1929

**Eigendur:** 1929: Vigfús Guttormsson, 1996: Björn Stefánsson

## **Lækjamót**

Strandgata 30, áður Strandgata 80, kort 4

**Byggingarár:** 1913

**Eigendur:** 1916 og 1930: Þorsteinn Adamsson, 1996: María Siggeirs dóttir

## **Dvöl**

Strandgata 28, kort 4

**Byggingarár:** 1930

**Eigendur:** 1930: Þorsteinn Adamsson, 1996: Ólafur Brandsson og Emil Jens Jónsson

## **Grund**

Strandgata 24, áður Strandgata 78, kort 4

**Byggingarár:** 1908

**Rifið:** 1995

**Eigendur:** 1916: Bergsveinn Ásmundsson, 1930: Gísli Bergsveinsson

## **Oddskot\***

Urðarteigur 17, áður Strandgata 76, kort 4

**Byggingarár:** 1917

**Eigendur:** 1930: Oddur Guðmundsson

**Athugasemdir:** Oddskot stendur enn, en er nú notað til geymslu. Þetta er 15 fm húsnæði en í því bjuggu á tímabili sjö manns í einu. Um 1935 féll snjóflóð á þetta svæði og fór smá hluti þess á Oddskot en skemmdi það ekki (M.G., '97).

## **Hlíðarhús, (Hlíð), Framtíð\***

Urðarteigur 17, áður Strandgata 74B, kort 4

**Byggingarár:** 1915

**Eigendur:** 1916 og 1930: Jón (fótalausi)

Sigurðsson, Guðbjartur Hjálmarsson, 1996:

Anna Bergljót Sigurðardóttir

**Athugasemdir:** Snjóflóð féll í gegnum húsið ca. 1935 (M.G., '97)

## **Nýja-Grund**

Strandgata 22, kort 4

**Byggingarár:** 1945

**Eigendur:** 1996: Hólmfríður Jónsdóttir, Anton Lundberg og Pórey Þorkelsdóttir.

## **Freyja**

Strandgata 20, áður Strandgata 74, kort 4

**Byggingarár:** 1914

**Rifið:** 1995

**Eigengur:** 1914: Stefnán Guðmundsson (R.Z., '97), 1930: Ölver Guðmundsson

## **Nýhöfn**

Strandgata 17, áður Strandgata 75, kort 4

**Byggingarár:** 1916

**Rifið:** 199? (R.Z., '97)

**Eigendur:** 1930: Þórður Einarsson, 1996: Guðmundur Þorleifsson (M.G., '97)

## **Olís, Félagsmiðstöðin Atóm**

Strandgata 14, áður Strandgata 72, kort 3-4

**Byggingarár:** 1929 og var þá olíuport, 1979 var verslunarhúsið byggt.

**Eigendur:** Olíuverslun Íslands

**Athugasemdir:** Veturinn '95 ? hóf félagsmiðstöðin Atóm starfsemi sína í húsinu.

## **Godthaab**

Strandgata 11, áður Strandgata 69, kort 3  
**Byggingarár:** 1925  
**Eigendur:** 1930: Henrfetta Tómassen og Tómas Tómassen, Gummi Láru, 1996: Ármann Herbertsson  
**Athugasemdir:** Tómas Tómassen var fyrst bruggarinn í bænum. Hann ýmist kenndi Norðfirðingum að brugga landa eða bruggaði fyrir þá.

## **Dvergasteinn, (Tómassenshús)**

Strandgata 10, kort 3  
**Byggingarár:** 1928  
**Eigendur:** Tómas Tómassen gerði húsið fokhelt en kláraði það ekki (R.Z., '97), Júlía Ásvaldsdóttir, 1996: Vigfús Vigfússon

## **Sjávarborg, (Sjóborg)**

Strandgata 8, áður Strandgata 68, kort 3  
**Byggingarár:** 1905  
**Eigendur:** 1916 og 1930: Lárus Ásmundsson, 1996: Magni B. Sveinsson  
**Athugasemdir:** Magni Sveinsson gerði húsið upp og breytti því í bílskúr og verkstæði um 1995.

## **Ásbyrgi**

Ásgarður 5, áður Bjarnaborgarstígur 7, kort 3  
**Byggingarár:** 1925  
**Eigendur:** 1930: Jón K. Guðmundsson, Óskar Lárusson

## **Bjarnaborg\***

Áður Bjarnaborgarstígur 12B, kort 3  
**Byggingarár:** Milli 1880 og 1890  
**Rifið:** ca. 1936-38  
**Eigendur:** 1916: Bjarni Hildibrandsson og Árni Bjarnason, 1930: Árni Bjarnason  
**Athugasemdir:** Bjarnaborg voru upphaflega fjárhús frá Ormsstöðum (H.G., '75b), en árið 1890 er búið í því samkvæmt manntali. Árið 1894 hljóp feiknamikið flóð úr Tröllagilinu og fór hluti þess yfir kofana á Bjarnaborg, en ekki skemmdust þeir til muna, því aðalflóðið fór utar og langt í sjó fram (I.P.).

## **Spítali, Gamli-spítali**

Ásgarður 6, áður Bjarnaborgarst. 12, kort 3  
**Byggingarár:** 1916  
**Eigendur:** 1996: Jónas Pétur Bjarnason og Óskar Helgason  
**Athugasemdir:** Þarna var starfræktur spítali áður fyrr, en húsinu var breytt í íbúðarhús fyrir löngu.

## **Arnarhóll**

Urðarteigur 5, áður Bjarnaborgarst. 10, kort 3  
**Byggingarár:** 1926  
**Eigendur:** 1930: Örnólfur Sveinsson, 1996: Árni Vilhjálmsson

## **Borghóll**

Urðarteigur 3, áður Bjarnaborgarst. 8, kort 3  
**Byggingarár:** 1926  
**Eigendur:** 1930: Jón Símonarson, 1996: Pálmar Jónsson

## **Sandrekka**

Urðarteigur 1, áður Bjarnaborgarst. 6, kort 3  
**Byggingarár:** 1927  
**Eigendur:** 1930: Árni Pjetursson, 1996: Hilmar Björnsson

## **Sólvangur**

Ásgarður 2, áður Bjarnaborgarstígur 4, kort 3  
**Byggingarár:** 1925  
**Eigendur:** 1930: Gísli Wíum Guðmundsson, 1996: Ásta Sigrún Gylfadóttir og Jón Stefánsson

## **Garður**

Ásgarður 3, áður Bjarnaborgarstígur 2, kort 3  
**Byggingarár:** 1925  
**Eigendur:** 1930: Bjarni Björnsson, 1996: Bjarni Aðalsteinsson

## **Bjarmi**

Ásgarður 1, áður Bjarnaborgarstígur 1, kort 3  
**Byggingarár:** 1925  
**Eigendur:** 1930: Benedikt Benediktsson, 1996: Lilja G. Jóhannesdóttir og Águst E. Sturlaugsson

## **Bifrost**

Strandgata 6, kort 3  
**Byggingarár:** 1930  
**Eigendur:** 1930 Jóhann Sigurðsson (Jói lati), 1996: Laufey, Rósa, Óli, Gunnar og Árni Jósepsbörn

## **Glaðheimur**

Áður strandgata 63, kort 3  
**Byggingarár:** 1914  
**Rifið:** 1965-66 (M.G., '97)  
**Eigendur:** 1916: Sveinn Árnason, 1930: Ármann Magnússon

## **Fögruvellir**

Tröllavegur 1, kort 3

**Byggingarár:** 1916

**Eigendur:** 1916: Sigurður Jónsson, 1930: Valdemar Snaevarr (R.Z., '97), 1996: Laufey V. Stephensen

## **Framnes**

Strandgata 2, áður Strandgata 62, kort 3

**Byggingarár:** 1915

**Eigendur:** 1916: Sigurður Þorsteinsson, 1930: Óskar Sigurðsson, Hinrik Sigurðsson (R.Z., '97), 1996: Halldór Hinriksson

## **Hátún**

Hlíðargata 33, áður Tröllavegur 3, kort 3

**Byggingarár:** 1906

**Eigendur:** 1916 og 1930: Vilhjálmur Stefánsson, 1996: Sveinbjörn Vilhjálmsdóttir

## **Nýja-Tröllanes**

Tröllavegur 4, áður Tröllavegur 2, kort 3

**Byggingarár:** 1916

**Eigendur:** 1916 og 1930: Hinrik Þorsteinsson, 1996: Gunnar Þorsteinsson

## **Gamla-Tröllanes**

Áður Strandgata 60, kort 3

**Byggingarár:** 1896

**Rifið:** ?

**Eigendur:** 1916: Páll Markússon og Sigurlínus Stefánsson, 1930: Helgi Pálsson og Páll Markússon

**Athugasemdir:** Páll Markússon var afi Gerðar Helgadóttur myndhöggrívari og vandi hann barnabörn sín við að byggja að eigin vild í smíðahúsi sem var ofan við götuna.

## **Tindar, Arnarfell**

Hlíðargata 31, áður Tröllavegur 4, kort 3

**Byggingarár:** 1925

**Eigendur:** 1930: Þórður Einarsson, Ármann Magnússon bjó lengi á Tindum (R.Z., '97), 1996: Hilmar Æ. Agnarsson

## **Hámundarstaðir**

Hlíðargata 32, áður Tröllavegur 6, kort 3

**Byggingarár:** 1926

**Eigendur:** 1930: Jón Baldvinsson, 1996: Ólafur Helgi Jónsson

## **Kaupfélagið Fram, Tröllanaust**

Hafnarbraut 50, áður Strandgata 58, kort 3

**Byggingarár:** 1926

**Eigendur:** 1930: Kaupfélagið Fram, 1996:

Olufélagið hf.

**Athugasemdir:** Upphaflega var þetta hús Pöntunarfélagsins (PAN) (M.G., '97). Núna er þarna sjoppa, vídeóleiga og svefnþokapláss á efri hæðinni.

## **Steinsnes**

Hlíðargata 26, áður Hlíðargata 46, kort 3

**Byggingarár:** 1928

**Eigendur:** 1930: Sigurjón Sigurðsson, Sigurður Þorleifsson skipasmíður og Halldóra Davíðsdóttir, 1996: Flosi Bjarnason og Sigurður Þór Vilhjálmsson

## **Skálfell, Skálholt**

Hlíðargata 23, áður Hlíðargata 47, kort 3

**Byggingarár:** 1924

**Eigendur:** 1930: Ólafur Þórðarson, 1996: Sigfinnur Karlsson

## **Melur**

Miðgarður 11, áður Hlíðargata 45, kort 3

**Byggingarár:** 1913

**Rifið:** 1992 (R.Z., '97)

**Eigendur:** 1916 og 1930: Guðmundur Guðmundsson

## **Stóra-Tröllanes**

Miðgarður 7 og 9, kort 3

**Byggingarár:** 1908

**Eigendur:** 1916: Jón Sveinsson, 1930: Jón Sveinsson í útenda og Magnús Hávarðsson í innenda, 1996: Valþór Stefánsson, Anna S. Gilsdóttir, Jóhann Tryggvason og Jenny S. Jörgensen

## **Tröllanes, (Gilhagi),**

## **Sæmundarbúð**

Hafnarbraut 42, áður Strandg. 52 og 56, kort 3

**Byggingarár:** 1907

**Eigendur:** 1916: Jónas Andrésson, 1930: Sæmundur Þorvaldsson og Pjetur Waldorf, 1996: Trausti Björnsson

**Athugasemdir:** Húsið var í senn verslunar- og íbúðarhúsnæði. Því fylgdi ýmsir skúrar s.s. vöruhús byggt 1914 og fiskiskúr byggður sama ár. Stórt pakkhús var utanvið Tröllanes og getur verið að það hafi heitið Gilhagi (M.G., '97).

## **Sjónarhóll**

Hafnarbraut 38, áður Hlíðargata 43, kort 3

**Byggingarár:** 1908

**Eigendur:** 1916 og 1930: Marteinn Magnússon, 1996 Sigurborg

## **Efri-Sjónarhóll**

Hlíðargata 16A, áður Hlíðargata 44, kort 3

**Byggingarár:** 1916

**Eigendur:** 1916 og 1930: Eiríkur Vigfússon, 1996: Guðni Þ Jóhannsson

## **Björk**

Hlíðargata 16, kort 3

**Byggingarár:** 1947

**Eigendur:** 1996: Edgar Solheim Einarsson

## **Vinaminni**

Hlíðargata 14 og 14A, áður Hlíðarg. 42, kort 3

**Byggingarár:** 1925

**Eigendur:** 1930: Árni Danielsson og Guðmundur Magnússon, 1996: Ármann D. Árnason og Heimir Pétursson

## **Melhóll**

Hlíðargata 13, áður Hlíðargata 41, kort 3

**Byggingarár:** 1925

**Eigendur:** 1930: Sveinn Stefánsson og Hermína Sigurðardóttir, 1996: Jón Guðmundsson og Margrét H. Björnsdóttir  
**Meðfylgjandi úthús og skúrar:** 1930: fjárhús og fjós

## **Hreppshús**

kort 3

**Byggingarár:** Ca. 1917

**Rifið:** ?

**Eigendur:** Guðmundur Eiríksson

**Athugasemdir:** Um þetta hús finnast ekki upplýsingar í þeim skriflegu heimildum sem hér hafa verið skoðaðar, en að sögn kunnugra manna stóð það á milli Melhóls og Franska-Mels (A.S.Ó., '97).

## **Franski-Melur, Krossmelur, Höfði**

Miðgarður 20, áður Hlíðargata 41B, kort 3

**Byggingarár:** 1914

**Eigendur:** 1916: Guðmundur Eiríksson, 1930: Jón Karlsson, 1996: Jóhann Zoega

**Meðfylgjandi úthús og skúrar:** 1930: fjárhús og sjóhús

## **Brekka**

Hafnarbraut 34 og 36, áður Strandg. 46, kort 3

**Byggingarár:** 1906

**Eigendur:** 1916: Vigdís Gísladóttir og Guðný V. Ásmundsdóttir, 1930: Vigdís Gísladóttir í útenda og Ársæll Júlíusson í innenda, 1996: Ásólfur Gunnarsson í útenda og Steinunn Jónsdóttir í innenda

**Meðfylgjandi úthús og skúrar:** 1916 og 1930: Sjóskúr

## **Gilsbakki**

Hafnarbraut 32, áður Strandgata 44, kort 3

**Byggingarár:** 1906

**Eigendur:** 1916: Kristín Árnadóttir, Kristín Stefánsdóttir, Snæbjörn Ólafsson og Hávarður Þórarinsson, 1930: Eiríkur Ármannsson og Kristín Stefánsdóttir, 1996: Sjálfstæðisflokkurinn og Jón Gunnar Jónsson  
**Meðfylgjandi úthús og skúrar:** 1916: Timburskúr fyrir fisk

## **Akur**

Hlíðargata 12, áður Hlíðargata 40, kort 3

**Byggingarár:** 1911

**Eigendur:** 1916 og 1930: Jón Þórðarson, 1996: Anna Bjarnadóttir og Gísli Gylfason

**Meðfylgjandi úthús og skúrar:** 1930: Fjós,

fjárhús, hlaða, reykhús, sjóhús og bifreiðaskýli  
**Athugasemdir:** Jón Þórðarson átti fyrsta bílinn sem kom á staðinn.

## **Garður**

Hlíðargata 9, áður Hlíðargata 35, kort 3

**Byggingarár:** 1927

**Eigendur:** 1930: Þórður Sveinbjörnsson, 1996: Þórður Anton Víglundsson

## **Nýibær**

Hlíðargata 10, áður Hlíðargata 38, kort 3

**Byggingarár:** 1913

**Eigendur:** 1916 og 1930: Guðjón Símonarson, 1996: Hafsteinn Már Þórðarson

**Meðfylgjandi úthús og skúrar:** 1916 og 1930: Sjóhús

## **Garðshorn**

Hlíðargata 7, áður Hlíðargata 33, kort 3

**Byggingarár:** 1918

**Eigendur:** 1930: Pjetur Pjetursson, 1996: Guðlaug St. Freysteinsdóttir og Bjarni Ó Hjálmarsson

## **Hlíð**

Hlíðargata 6, áður Hlíðargata 36, kort 3

**Byggingarár:** 1913

**Eigendur:** 1916 og 1930: Sveinn

Sveinbjörnsson, 1996: Laufey Guðlaugsdóttir

**Meðfylgjandi úthús og skúrar:** 1916:

Sjóskúr, 1930: Hjallur, fjárhús og sjóskúr

**Athugasemdir:** Húsið sem stendur þarna núna er ekki hin upprunalega Hlíð. Það hús var flutt á Blómsturvelli en síðar rifið.

## **Miðhús**

Hlíðargata 5, áður Hlíðargata 31, kort 3  
**Byggingarár:** 1929  
**Eigendur:** 1930: Bergþór Hávarðsson, 1996: Kristinn Sigurðsson

## **Sandbrekka, (Víkurmelur)**

Melagata 15, áður Melagata 2, kort 3  
**Byggingarár:** 1907  
**Eigendur:** 1916 og 1930: Finnur Sigfús Jónsson, 1996, Steinar Gunnarsson, Gunnar Jónsson og Kolbrún Axelsdóttir  
**Meðfylgjandi útihús og skúrar:** 1916 og 1930: Sjóskúr

## **Sigurhæðir**

Melagata 13, kort 3  
**Byggingarár:** 1951  
**Eigendur:** 1996: Sigurður M S Guðjónsson

## **Uppsalir**

Melagata 12, áður Melagata 4, kort 3  
**Byggingarár:** 1930  
**Eigendur:** 1930: Páll Árnason (R.Z., '97), 1996: Jón Bjarnason

## **Fagrabrekka**

Melagata 10, áður Melagata 6, kort 3  
**Byggingarár:** 1910 skv. fasteignamati 1930, en 1906 skv. fasteignamati frá 1996 Fannst ekki í fasteignamati frá 1916  
**Eigendur:** 1930: Sigfús Sveinsson, 1996: Guðný Guðnadóttir

## **Merki, Þorsteinstíð á Víkurmel**

Melagata 8, áður einnig Melagata 8, kort 3  
**Byggingarár:** 1905  
**Eigendur:** 1916 og 1930: Jón Bjarnason, 1996: Ríkharð Haraldsson

## **Víglundarhús**

kort 3  
**Byggingarár:** 1904  
**Eigendur:** 1916: Pétur Bjarnason  
**Athugasemdir:** Þetta hús virðist vera draugahús. Enginn sem talað hefur verið við kannast við það.

## **Litla húsið (Stekkjarnes)**

Hlíðargata 3A (R.Z., '97), kort 3  
**Byggingarár:** 1905  
**Eigendur:** 1916: Björn Jónasson, 1996: Sigfús Sigfússon  
**Meðfylgjandi útihús og skúrar:** Sjóbúð með bryggju, hlaða, fjárhús, fjós, hjallur

## **Tunga**

Hlíðargata 4, áður Hlíðargata 34, kort 3  
**Byggingarár:** 1920  
**Eigendur:** 1930: Bjarni Sveinsson, 1996: Ásgeir Lárusson  
**Meðfylgjandi útihús og skúrar:** 1930: Lítioð fjós. Seinna kom smíðahús og bílskúr (R.Z., '97).

## **Melstaður, Sigdórshús**

Hlíðargata 2, áður Hlíðargata 32, kort 3  
**Byggingarár:** 1918  
**Eigendur:** 1930: Sigdór V Brekkan, næst átti Magnús Guðmundsson húsið, 1996: Águst Kárason

## **Baldurshagi**

Hlíðargata 1, áður Hlíðargata 29, kort 3  
**Byggingarár:** 1908 og 1917  
**Eigendur:** 1916: Ingibjörg Guðmundsdóttir og Einar Brynjólfsson, 1930: Jón Sørensen í útenda og Magnús Jónsson í innenda, 1996: Thomas Patrick Golden  
**Meðfylgjandi útihús og skúrar:** 1916: Tveir skúrar og fiskiskúr, 1930: lítið fjós, sem kallað var Sjálfstæðishúsið vegna þess að það rak hornið út í götuna (M.G., '97).

## **Blómsturvelli**

Blómsturvelli 8, áður Hlíðargata 30B, kort 3  
**Byggingarár:** 1918  
**Eigendur:** 1930: Dánarbú Halldórs Marteinssonar, 1996: Þórarinn Sveinsson  
**Athugasemdir:** Upprunalegi Blómsturvalla-bærinn stóð á milli Melstaðar og Blómsturvalla 8. Hann er sagður forn torfbær í fasteignamati frá 1916, en nafnið kemur ekki fyrir í manntali 1890.

## **Heiðarbýli**

Piljuvellir 38, áður Hlíðargata 30, kort 3  
**Byggingarár:** 1920  
**Eigendur:** 1930: Sigurður Halldórsson, 1996: Guðmundur Bjarnason  
**Meðfylgjandi útihús og skúrar:** Hlaða (M.G., '97)

## **Gamla-Vík, Krossavík**

kort 3  
**Byggingarár:** 1898  
**Rifið:** fyrir 1945 (M.G., '97)  
**Eigendur:** 1916: Björn Bjarnason  
**Meðfylgjandi útihús og skúrar:** 1916: Sjóskúr

## Nýja-Vík

kort 3

**Byggingarár:** 1904

**Rifið:** ca. 1986 (M.G., '97)

**Eigendur:** 1916 og 1930: Jón Benjamínsson

**Meðfylgjandi útihús og skúrar:** 1916:

Geymsla 1905 og sjóhús 1910, 1930: +fjós

**Athugasemdir:** Litla pakkhúsið utan við Vík var líka íbúðarhús og þar fæddist Lúðvík

Jósepsson (R.Z., '97).

## Fimm lifrarbræðsluskúrar

kort 3

**Byggingarár:** Óvist, en sennilega töluvert fyrir 1916

**Rifið:** Smám saman í gegnum tíðina

**Eigendur:** 1916 og 1930: Lifrarbræðslufélag Norðfjarðar

**Athugasemdir:** Í fasteignamati frá 1930 kemur fram að skúrarnir eru orðnir lélegir og viðbúið sé að þeir verði rifnir innan skamms.

Ath. Reynir Zoega ('97) man ekki eftir því að lifrarbræðsluskúrar hafi verið fyrir neðan Vík og Texas. Þar hafi verið sjóskúrar og pakkhús ýmissa aðila.

## Krossavík

**Athugasemdir:** Í fasteignamati frá 1916 standa eftirtalin hús undir þessu nafni: Íbúðar- og verslunarhús virt 1915, tvö vöruhús 1906, sjóbúð með íbúð, heyhlaða með fjósi, fiskiskúr 1915, tveir samfastir timburskúrar, fiskiskúr 1908, og fiskiskúr 1906 með bryggju.

Menn kannast ekki við þetta, aðeins að Gamla-Vík hafi stundum verið kölluð Krossavík, en í þessu fasteignamati kemur Gamla-Vík líka fram, þannig að ekki getur verið um hana að ræða. Hugsanlega gætu þetta verið Stefánshúsin og tilheyrandi skúrar, enda væri þeirra annars ekki getið.

## Texas

Hafnarbraut 24, áður Strandgata ?, kort 3

**Athugasemdir:** Samkvæmt munnlegum heimildum (R.Z., '97 o.fl.), átti Stefán Stefánsson þetta hús. Ekki er hús með þessu nafni í fasteignamati, en þetta gæti verið eitt af pakkhúsum í eigu Stefáns í matinu frá 1930.

## Gamla-Stefánshús

Hafnarbraut 22, áður Strandgata ?, kort 3

**Byggingarár:** 1902

**Rifið:** Húsið sem stendur núna á lóðinni var byggt árið 1957

**Eigendur:** 1930: Stefán Stefánsson

## Stefánshús

Hafnarbraut 20, áður Strandgata ?, kort 3

**Byggingarár:** Sennilega fyrir 1920 (R.Z., '97)

**Rifið:** Það var búið í því fram yfir stríð, en það hefur verið farið áður en Landsbankinn var byggður árið 1977.

## Sævaldabúð, Tónspil

Hafnarbraut 17, áður Strandgata ?, kort 3

**Byggingarár:** Óvist en ekki seinna en 1930

**Athugasemdir:** Hef ekki getað tengt hana við fasteignamat, en margir muna eftir Sævaldabúð. Alfons í Alfonsarhúsi byggði hana.

## Sægarður

Hafnarbraut 16, kort 3

**Byggingarár:** 1945

**Eigendur:** 1945: Ársæll Júlíusson (R.Z., '97), 1996: Runólfur Elís Axelsson

## Björgvin

Hafnarbraut 14, áður Strandgata 25, kort 3

**Byggingarár:** 1905

**Eigendur:** 1930: Björn Jónasson, 1996: Síldarvinnslan hf.

**Meðfylgjandi útihús og skúrar:** 1930:

Sjóhús, hjallur, fjós og hlaða

**Athugasemdir:** Ekki fundust upplýsingar um þetta hús í fasteignamati frá 1916. Hlaðan sem tilheyrði Björgvin var á Björnstúni innan við Melbæ (R.Z., '97). Hún var stórá og kolsvört (M.G., '97). Sjóhúsið sem stóð beint fyrir neðan Björgvin tilheyrði húsinu (R.Z., '97).

## Melbær

Hólsgata 9, áður einnig Hólsgata 9, kort 3

**Byggingarár:** 1912

**Eigendur:** 1916 og 1930: Lárus Waldorph, 1996: Gunnlaugur Sigurðsson og Siggi og Gugga ehf.

**Meðfylgjandi útihús og skúrar:** 1916:

Timburskúr, hjallur og geitahús

## Bíohús

Áður Strandgata 26B, kort 3

**Byggingarár:** 1923

**Rifið:** ?

**Eigendur:** 1930: Jón Karlsson

## **Sveinubúð**

Beint neðan við Bíóhúsið, kort 3

**Byggingarár:** Óvist

**Rifið:** Húsið var flutt af Jóni Ísfjörð um 1960

**Athugasemdir:** Sparisjóðurinn var einu sinni á neðri hæðinni en Sveinubúð tók við. Einnig hefur verið rakarastofa í húsinu og íbúð á loftinu, sem m.a. Lúðvík Jósepsson bjó í. Ekki hefur verið hægt að tengja húsið við fasteignamat, en margir muna eftir því og það er merkt á gömul kort.

## **Slökkvivélaskúrinn**

Skúrinn milli Sveinubúðar og Sæbóls, kort 3

**Athugasemdir:** Skúrinn hefur staðið á fyrrí hluta aldarinnar ásamt Sveinubúð og Sæbóli, og sennilega farið á svipuðum tíma eða rétt fyrir 1960. Í skúrnum voru geymdar slökkvivélar, þar á meðal handdæla. Hann er ekki nafngreindur á kortinu.

## **Tónabær, Ísfeldsbúð**

Hafnarbraut 13, áður Strandgata 23, kort 3

**Byggingarár:** 1929? (R.Z., '97)

**Rifið:** 1996

**Eigendur:** 1930: Jón Ísfeld

## **Grjótbakki, Ísfeldshús**

Hafnarbraut 8, áður Strandgata 22, kort 3

**Byggingarár:** 1910

**Eigendur:** 1916: ?, 1930: Jón Ísfeld, 1996: Baldur Óli Jónsson

**Meðfylgjandi útihús og skúrar:** 1930: Hjallur (rimlahús fyrir harðfisk)

## **Smiðjan, Eldsmiðjan**

Hafnarbraut 8, áður Hólsgata 7, kort 3

**Byggingarár:** 1926

**Eigendur:** 1930: Hinrik Hjaltason, 1996: Baldur Óli Jónsson

**Athugasemdir:** Smiðjan var byggð með tilliti til skriðuvarna. Það er „stafn” á húsinu á þeirri hlið sem snýr til fjalls. Sennilega hefur ætlunin verið að verjast hlaupum úr læknum (M.G., '97).

## **Sæból**

Sverristún 4, áður Strandgata 24, kort 3

**Byggingarár:** 1908

**Eigendur:** Jónas Andrésson, Konráð

Hjálmarsson, 1916: Tómas Zoega (R.Z., '97), 1996: Unnur Zoega

**Athugasemdir:** Upphaflega var húsið kallað kaupfélagshús, síðar eign Jónasar Andréssonar sem seldi Konráði Hjálmarssyni húsið en hann seldi Tómasi Zoega það á kr. 400 líklega árið

1916. Húsið stóð upphaflega neðan við Grjótbakka sem nú er Hafnarbraut 8 en það var flutt á Sverristún árið 1957 (R.Z., '97).

## **Vigfúsarskúr**

Næsta hús utan við Sæból, kort 3

**Byggingarár:** Um 1910-15 (R.Z., '97).

**Rifið:** ?

**Athugasemdir:** Skúrinn er ekki nafngreindur á kortinu.

## **Salthús og Kolaport Konráðs**

Hafnarbraut 6, áður Strandgata ?, kort 3

**Byggingarár:** 1913-14

**Rifið:** ?

## **Vörugeymsla Konráðs**

kort 3

**Byggingarár:** 1908

**Rifið:** ?

**Athugasemdir:** Vörugeymslan er flanga húsið neðan við salthúsið, en hún er ekki nafngreind á kortinu.

## **Bryggjuhús Konráðs**

kort 3

**Byggingarár:** 1914

**Rifið:**

**Athugasemdir:** skúrinn er næsta hús utan við vörugeymsluna og neðan við Brennu, en hann er ekki nafngreindur á kortinu.

## **Krosshús, Konráðsíbúð**

Áður Strandgata 20B, kort 3

**Byggingarár:** 1905

**Rifið:** ?

**Eigendur:** 1930: Verslun Konráðs

Hjálmarssonar

**Meðfylgjandi útihús og skúrar:** 1930: Tvö fisksöltunarhús, tvö þurffiskhús, salthús, kolaport, fiskþurrrunarhús með þvottahúsi

## Brenna

Hafnarbraut 4, áður Strandgata 20, kort 3

**Byggingarár:** 1923

**Eigendur:** 1930: Verslun Konráðs

Hjálmarssonar, 1996: Vikublaðið Austurland, Framsóknarfélag Norðfjarðar og Bessi

Bjarnason

**Athugasemdir:** Áður fyrr bjuggu sex fjölskyldur í húsinu á sama tíma. Bruggað var öl í báðum endum kjallarans og það selt. Yfirleitt var það heldur sterkara en leyfilegt var. Í dag er Sjálfstæðisflokkurinn á neðstu hæðinni, Framsóknarflokkurinn á þeirri næstu og Vikublaðið Austurland, málagn Alþýðu-bandalagsins á efstu hæðinni.

## Torfasmiðja

Áður Strandgata ?, kort 3

**Byggingarár:** ?

**Rifið:** Um 1950, þegar kaupfélagið var byggt.

## Vilborgarhús, Sjólyst

Áður Strandgata 18, kort 3

**Byggingarár:** 1900

**Rifið:** 1946

**Eigendur:** 1916: Tómas Tómasson og Björn Eiríksoon (maður Vilborgar), 1930: Vilborg Porkelsdóttir og Einar S Frímann

**Athugasemdir:** Vilborgarhús og Sjólyst voru tvær sambyggðar íbúðir.

## Helgahús

**Athugasemdir:** Hús með þessu nafni kemur fram í fasteignamati frá 1916, en enginn kannast við það. Eigandi er sagður vera Björn Jónasson. Húsið er því úrskurðað draugahús.

## Nýbúð

Miðstræti 25, áður Miðstræti 23, kort 3

**Byggingarár:** 1911

**Eigendur:** 1930: Verslun Konráðs

Hjálmarssonar, 1996: Hulda Eiðsdóttir Bjarkadóttir

## Huldusteinn

Blómsturvelli 18, kort 3

**Byggingarár:** 1930

**Rifið:** 1994

**Eigendur:** Guðmundur Magnússon (M.G., '97)

**Athugasemdir:** Þarna stóð steinn sem átti að sprengja en hætt var við það vegna draumfara.

## Harðangur, Stafholt

Piljuvelli 27, áður Hlíðargata 25, kort 3

**Byggingarár:** 1910

**Eigendur:** 1916: Jónas Þorsteinsson, 1930:

Jón Rafnsson, 1996: Bára Guðmannsdóttir og Bergljót

## Hóll

Hólsgata 4, áður Hólsgata 6, kort 2

**Byggingarár:** 1902

**Eigendur:** 1916: Vigfús Sigurðsson, 1930:

Helgi Jónsson og Vigfús Sigurðsson, 1996:

Pórunn Jóhannsdóttir og Steindór Önundarson

**Meðfylgjandi útihús og skúrar:** 1916: Hlaða, timburhjallur, fjós og tveir sjóskúrar Ekki er minnst á þetta í fasteignamatí 1930

## Lundur

Hólsgata 2, kort 2

**Byggingarár:** 1934

**Eigendur:** 1996: Halldór Hartmannsson

## PAN, Pöntunarfélag Alþýðu

Áður Strandgata, kort 2

**Byggingarár:** 1935

**Eigendur:** Pöntunarfélag Alþýðu

## Gíslahús, Jónasarhús, Króki

Hafnarbraut 2A, áður Strandgata 16, kort 2

**Byggingarár:** 1903

**Rifið:** 1997

**Eigendur:** 1916: Gísli Hjálmarsson, 1930: Jónas Guðmundsson, Kaupfélagið Fram (H.G., '97), 1996: Steinunn Rósa Einarsdóttir

**Meðfylgjandi útihús og skúrar:** 1916: Íbúðar- og verslunarhús (vandað, en fúið og lekt), vöruhús við sjó, hlaða, fjós 1930: pakkhús, fjós, skúr og hlaða

## Nesstekkur

**Athugasemdir:** Mörg hús voru undir þessu nafni í fasteignamatinu frá 1916. Allt voru þetta hús og skúrar Konráðs Hjálmarssonar, sem nefnd eru á örðrum stöðum.

## Hraun

Piljuvelli 24, áður Hlíðargata 20, kort 2

**Byggingarár:** 1923

**Eigendur:** 1930: Páll Magnússon, 1996:

Sveinn Þórarinsson

**Meðfylgjandi útihús og skúrar:** 1930: Hlaða, fjós og þrír kofar

**Athugasemdir:** Páll flutti til Norðfjarðar frá Borgarfirði eystri.

## **Svíþjóð**

Þiljuvellir 22, kort 2

**Byggingarár:** 1948

**Eigendur:** 1996: Sigfinnur Karlsson og Ólafía Karlsdóttir

## **Hinriksbær**

Miðstræti 20, kort 2

**Byggingarár:** 1931

**Eigendur:** Hinrik Hjaltason járnsmiður byggði (R.Z., '97), 1996: Viðar H. Sveinsson og systkini

## **Sýslumaðurinn\***

Miðstræti 18, kort 2

**Byggingarár:** 1946

